



SÓSÍALISTAFLOKKUR ÍSLANDS

Fundur Bráðabirgðastjórnar Sósíalístaflökks Íslands 19. júní 2017

Haldinn í húsnæði Bókasafns Dagsbrúnar, Þórunnartúni 2, 4. hæð klukkan 20:00

Mætt voru: Ásta Dís Guðjónsdóttir, Benjamín Julian, Gunnar Smári Egilsson, Laufey Ólafsdóttir, Sigurður H. Einarsson, Sanna Magdalena Mörtudóttir, Sólveig Anna Jónsdóttir og Viðar Þorsteinsson.

Dagskrá fundar hafði þegar verið ákveðin í vinnuhópi stjórnar á Facebook.

1 · Áróðurs- og miðlunarmál

Grundvöllur umræðunnar um áróðurs- og miðlunarmál var langt innlegg sem Gunnar Smári setti inn í vinnuhóp stjórnar á Facebook þann 14. júní. Tengill [hér](#). Ítarleg umræða eða samþykktir um einstakar tillögur náðist ekki, en almenn sátt er innan stjórnar um að halda áfram að efla nærveru SÍ á internetinu og samfélagsmiðlum í takt við tillögur Gunnars Smára.

Ákveðið var að gefa stjórnarmönnum meiri tíma til að melta tillögurnar og taka til ítarlegri umræðu á næsta fundi eftir viku.

2 · Hópastarf

Lögð voru fram drög að ‘Erindisbréfi’ til væntanlegra málefnaþópa sem Viðar, Gunnar Smári og Benjamín Julian settu saman á fundi sínum sunnudaginn 18. júní. Viðar kynnti drögin fyrir stjórn. Voru góðar umræður um fyrirkomulag hópastarfsins eins og því er lýst í Erindisbréfinu og tók Viðar að sér að uppfæra drögin með tilliti til þeirra.

Sátt var um fjölda málefnaþópa og þau málefni sem urðu fyrir valinu (húsnæðismál, heilbrigðismál, skattamál og lýðræðismál) enda séu þau aðkallandi og illa sinnt af öðrum flokkum og hreyfingum. Þá var sátt um að flokkurinn ætli sér ekki um of í fjölda og umfangi útfærðra stefnumála fram að Sósíalistasþingi. Skýrt kom þó fram að bráðabirgðastjórn vill hvetja til þess að öðrum málefnum verði gert hátt undir höfði með annars konar starfi (aðgerðahópum, greinarskrifum, o.s.frv.) meðfram starfi málefnaþópa og eftir því sem SÍ þroskast og þróast sem hreyfing í framtíðinni. Var þar sérstaklega minnst á umhverfismál og sósíalískan femínisma.

Gunnar Smári lýsti væntanlegri framkvæmd slembivala. Atli Freyr Friðbjörnsson vinnur með Gunnari Smára að umbótum á félagaskrá sem munu gera kleift að senda út boð til félagsmanna um að gefa kost á sér í slembiúrtak. Jafnframt skulu félagsmenn gefa upp á hvaða tímabili þeir eru lausir til málefnastarfa. Gunnar Smári taldi að á næstkomandi mánudag (26. júní) yrði mögulegt að senda út slíkt boð með fjöldatölvupósti og sem frétt á heimasíðu og á samfélagsmiðlum. Í boðinu yrði félagsmönnum gefnir 7 dagar til að skrá sig í slembiúrtak, og boðið ítrekað duglega á því tímabili.

Fjöldi slembivalinna meðlima í hverjum hópi var ekki ákveðinn en rætt var um fjölda á bilinu 7-12. Samþykkt var að lokatillaga um slíkt yrði rædd og samþykkt í vinnuhópi stjórnar á Facebook. Samþykkt var að fyrir fyrsta fund sérhvers málefnaþóps verði sent út fundarboð til allra væntanlegra meðlima þar sem nöfn allra meðlima og fyrirhugaðs fundarstjóra kemur fram.

3 · Heimsókn Richard Seymour

Viðar gerði grein fyrir stöðunni á fyrirhugaðri heimsókn Richards Seymour til landsins á vegum SÍ til að halda fyrirlestur um Jeremy Corbyn. Richard hefur samþykkt boð um að koma til landsins á dagabilinu 14.-20. ágúst, og heimsókn hans mun skarast við Róttæka sumarháskólann þar sem Richard getur tekið þátt til viðbótar við dagskrá á vegum SÍ. Áður var samþykkt að greiða flugfar fyrir Richard sem og að greiða honum þóknun að upphæð 500 bresk pund. Þá var honum lofað gistingu í heimahúsi.

4 · Aðrar aðgerðir tengdar Corbyn á næstu vikum

Rætt var um möguleika á því að skipuleggja einhvers konar viðburð í tilefni af bresku kosningum á næstu vikum. Slíkt var ekki talið vænlegt, aðallega vegna skorts á frambærilegu framsögufólki. Var þess í stað rætt um að stjórnarmenn og félagsmenn myndu beita sér með greinarskrifum til að efla vitund og áhuga meðal landsmanna um Jeremy Corbyn og sósíalíska pólitík hans.

5 · Aðgerðamál

Gunnar Smári fór stuttlega yfir starf í minni hliðarhópum sem tengjast SÍ svo sem “Endurreisn verkalýðshreyfingarinnar” og ungliðastarfi SÍ. Rætt var um nauðsyn þess að efla starf fleiri aðgerðahópa í framtíðinni, til að mynda í tengslum við umhverfismál, fátækt og örorkumál. Sú spurning var skilin eftir opin til frekari íhugunar hvernig best megi koma slíku starfi af stað og viðhalda því.

Fundi var slitið um 21:30.

Viðar Þorsteinsson ritaði fundargerð.